



Elís Pétur Sigurðsson
Elli P

Fæddur 19. mars 1930
Dáinn 16. október 2019

U206

Útför frá Glerárkirkju Akureyri
föstudaginn 8. nóvember kl. 13:30

Forspil

„Fram í heiðanna ró“

Amerískt þjóðlag - Friðrik A. Friðriksson

Bæn

Samsöngur

„Herra minn guð, til þín“

Adams / Matthías Jochumsson

- ¹ Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.
- ² Villist ég vinum frá
vegmóður einn,
köld nóttin kringum mig,
koddí minn steinn,
heilög skal heimvon mín.
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.
- ³ Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

Ritningarorð

„Suður um höfin“

Jimmy Kennedy, Michael Carr / Skafti Sigbórssen

Suður um höfin að sólgylltri strönd
sigli ég fleyi mínu til að kanna ókunn lönd.
Og meðan ég lifi, ei bresta þau bönd
sem bundið mig hafa við suðræna strönd.

Hún kom sem engill af himni til mín,
heillandi eins og þegar sólin björt í heiði skín.
Og yndisleg voru þau ævintýr mín,
og yndisleg voru hin freyðandi vín.

Þegar dagur var kominn að kveldi,
þá var kátt yfir börnum lands,
þá var veisla hjá innfæddra eldi
og allir stigu villtan dans.

Suður um höfin að sólgylltri strönd
svífur minn hugur, þegar kólna fer um heimalönd.
Og meðan ég lifi, ei bresta þau bönd
sem bundið mig hafa við suðræna strönd.



Ritningarorð



„Blíðasti blær“

Óðinn G. Þórarinnsson / Magnús Stefánsson og Þórólfur Friðgeirsson

¹ Fegurð landsins fjalla
foss í klettagjá,
hrífur hugi alla
heillar silungsa.
Áður saman undum
upp við vötnin blá,
og hinn blíðasti blær
bar okkur landi frá.

Hlýddum á
hjörtun slá
og hinn blíðasti blær
bar okkur landi frá.

² Enn er mér í muna
manstu allt var hljótt,
ein við máttum una
úti þessa nótt.
Yfir hvelfdist húmið
heiðarvötnin blá,
og hinn blíðasti blær
bar okkur landi frá.

Hlýddum á
hjörtun slá
og hinn blíðasti blær
bar okkur landi frá.

³ Lék þá allt í lyndi,
lífið brosti við,
ein þar festum yndi
undir báruklið.
Sífelld hugann seiddu
silungsvötnin blá.
Blíðasti blær
bar okkur landi frá.

Hlýddum á
hjörtun slá
og hinn blíðasti blær
bar okkur landi frá.

Guðspjall



„Nótt í Atlavík“

Kristján frá Djúpalek / Svavar Benediktsson



Í Hallormsstaðaskógi
er angan engu lík.
Og dögg á grasi glóir
sem gull í Atlavík.
Og fljótsins svanir sveipast
í sólarlagsins eld.
Og hløjandi, syngjandi,
frelsinu fagnandi,
fylgdumst við burtu
það kveld.

Úr Hallormsstaðaskógi
ber angan enn í dag.
Og síðan hefur sungið
í sál mér þetta lag.
Því okkar liðna ótta
var engri nótt lík.
Og ennþá hún lifir
í minningu minni
sú mynd úr Atlavík.

Minningarorð

„Breiðdalingaóður“

Kjartan Ólafsson / Guðjón Sveinsson
(Söngur leiddur)

¹ Hér gnæfa tignir tindar
í tærri aftanró.
Þeir halda vörð um velli
og víðiklæddan mó.
Auglit þeirra er eilíft,
andi þeirra kyrrð
og þaðast björtu ljósi
í blámans djúpu firrð.

² Úm flosgræn engi falla
fljót sem silfrað lín.
Fossar kátir kveða
kvæðalögin sín.
Savnir synða á vötnum,
sunna kyndir bál.
Guð er allt það góða
og grær í hverri sál.

³ Hér átti amma heima,
afi veggi hlóð,
vindharpa vorsins
vakti ástarglóð.
Út við ey og tanga
öldufallið söng
ljóð frá liðnum öldum
ljóð um gleði og þröng.

⁴ Já hér er okkar athvarf,
okkar vígi og skjól
í arf það höfum hlotið,
hverja vík og ból.
Dafni æskan unga
við unn og fjallasal
-syngja skulum saman
sól í Breiðadal.

Minningarorð



„Pabbi minn“

P. Burkhard / Þorsteinn Sveinsson

Ó pabbi minn,
Hve undursamleg ást þín var.
Ó pabbi minn,
þú ávalt tókst mitt svar.

Ældrei var neinn,
svo ástúðlegur eins og þú.
Ó pabbi minn,
þú ætíð skildir allt.

Líðin er tíð,
er leiddir þú mig lítið barn.
Brosandi blítt,
þú breyttir sorg í gleði.

Ó pabbi minn,
ég dáði þína léttu lund.
Leikandi kátt,
þú lékst þér á þinn hátt.

Ó pabbi minn,
Hve undursamleg ást þín var.
Æskunnar ómar,
ylja mér í dag.

Líðin er tíð,
er leiddir þú mig lítið barn.
Brosandi blítt,
þú breyttir sorg í gleði.

Ó pabbi minn,
ég dáði þína léttu lund.
Leikandi kátt,
Þú lékst þér á þinn hátt.

Ó pabbi minn,
Hve undursamleg ást þín var.
Æskunnar ómar,
ylja mér í dag.



„Undir dalanna sól“

Björgvin Þ. Valdimarsson / Hallgrímur Jónsson frá Ljárskógum

Undir Dalanna sól, við minn einfalda óð
hef ég unað við kyrrláta för.
Undir Dalanna sól, hef ég lifað mín ljóð
ég hef leitað og fundið mín svör.
∴ Undir Dalanna sól, hef ég gæfuna gist
stundum grátið en oftár í fögnuði kysst.
Undir Dalanna sól, á ég bú mitt og ból
og minn bikar, minn arinn, minn svefnstað og skjól. ∴

Miskunnarbæn - Bæn





„Undir bláhimni“

Joe Llyons, Sam C. Hart / Magnús K. Gíslason frá Vöglum

Undir bláhimni blíðsumars nætur
barst' í arma mér rósfagra mey.
Meðan döggin á grasinu grætur
gárust tjörnin af suðrænum þey.
Ég var snortin af yndisleik þínum
ástarþráin er vonunum felld.
Þú ert ljósblik á lífshimni mínum
þú ert ljóð mitt og stjarna í kveld.

Ég vil dansa við þig meðan dunar
þetta draumalíða lag sem ég ann.
Meðan hjörð í æðum funar
og af fögnuði hjart mitt barann.
Og svo dönsum við dátt þá er gaman
meðan dagur í austrinu rís.
Og svo leiðumst við syngjandi saman
út í sumarsins paradís.



Faðir vor



„Gömul spor“

Valdimar Hólm Hallstað

Nú vefur mig að hjarta sínu nóttin, hlý og hljóð,
og hláturmildur roði' í vestri skín.

Á minninganna strengjum vakna æsku ástar ljóð
sem eitt sinn kvað ég fagnandi til þín.

Ó, manstu ekki kvöldið sem við þráðum þú og ég
og þræddum döggvott grasið beggja spor.
Því æskan á í sólskininu' að gangaglöð sinn veg,
við gleymdum okkur bæði þetta vor.

Ög vornóttin er ungum vinum aldrei nógu löng
þó allar góðar vættir haldi vörð.
Í lágnættinu hlýddum við á villtan svanasöng
við safaríkan ilm úr grænni jörð.

Það höfum kannske, vina, aldrei verið nógu góð
og vakað helst til stutt í heitri þrá.
En leiðir okkar skildust fljótt við koss og kveðjuljóð
sem kliðmjúk nóttin aðeins heyrði' og sá.

Ég horfi inn í kvöldroðann, því æska mín er öll,
á örlögumunum fáir kunna skil.
En þú ert fangi' í dalnum þínum, bak við bláhvít fjöll
og bíður þess sem aldrei verður til.

Því hvert sinn þá er gróandinn fær
mínnst við mildan svörð
í minningum þú kemur sérhvert vor.
Þá leiðumst við í sólskininu glöð um græna jörð
sem geymir okkar löngu horfnu spor.

Samsöngur

„Allt eins og blómstrið eina“

Hans Tomissöns sb., 1569 / Hallgrímur Pétursson

Alt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjógung hreina
fyrst um dags morgunstud,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf manlegt endar skjótt.

Moldun - Blessun

(Samsöngur)

Ég lífi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.



Samsöngur

„Á æskuslóðum“

Björn Pálsson / Hrönn Jónsdóttir

¹ Um júlídag er sumarvindar syngja
í sælum róm við okkar kæru jörð
við skulum saman sálir okkar yngja
á æskuslóðum hér við Berufjörð.
Hér undum við og byggðum skýjaborgir
sem brotnað hafa kannski ein og tvær
því ævin ber oss sælu jafnt og sorgir,
í sól og regni lífsins blómið grær.

² Í leik og starfi liðu bernskustundir,
sá lærdómstími allra bestur er,
er mamma og pabbi búa börnin undir
þá brautargöngu sem að höndum fer.
Með trú og dug og vilja' í veganesti
og vinarhug sem ríkti okkur hjá
var okkur tekið eins og góðum gesti
á gönguferð um lífið til og frá.

³ Ög fossinn heima fellur enn til sjávar,
hann flytur okkur sama lag og fyrr,
og yfir sjónum svífa hljóðir mávar,
hér sýnist tíminn hafa staðið kyrr.
En aðra sögu segja gráu hárin
það silfurskart er haustið okkur ber,
þó standa enn í ljóma æskuárin
sú endurminning kærust okkur er.

Eftirspil

„Á æskuslóðum“

Björn Pálsson / Hrönn Jónsdóttir



Prestur: Sr. Gunnlaugur Stefánsson Heydalakirkju Breiðdal

Söngur: Friðjón Jóhannsson og Óskar Pétursson

Undirspil: Valmar Völjaots og Friðjón Jóhannsson

*Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og hlýhug og bjóða viðstöddum
að þiggja veitingar á Öldrunarheimilinu Hlíð Austurbyggð 17 að athöfn lokinni.*